

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009.

1. gr.

Í stað „12,05 kr.“, „10,50 kr.“, „14,80 kr.“ og „13,15 kr.“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: 13 kr.; 11,30 kr.; 15,95 kr.; og: 14,15 kr.

II. KAFLI

Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Í stað „132 kr.“ í 1. tölul. kemur: 142,15 kr.
- b. Í stað „120,25 kr.“ í 2. tölul. kemur: 129,50 kr.
- c. Í stað „162,70 kr.“ í 3. tölul. kemur: 175,25 kr.
- d. Í stað „10%“ í 4. tölul. kemur: 25%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Í stað „542,05 kr.“ í 1. tölul. kemur: 583,80 kr.
- b. Í stað „30,15 kr.“ í 2. tölul. kemur: 32,45 kr.
- c. Í stað „30,15 kr.“ í 3. tölul. kemur: 32,45 kr.
- d. Í stað „40%“ í 4. tölul. kemur: 50%.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Í stað „680,85 kr.“ í 1. tölul. kemur: 733,30 kr.
- b. Í stað „37,80 kr.“ í 2. tölul. kemur: 40,70 kr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Í stað „0,37%“ og „74 grömm“ í 1. tölul. kemur: 0,34%; og: 69 grömm.
- b. Í stað „0,31%“ og „90 grömm“ í 2. og 3. tölul. kemur: 0,28%; og: 85 grömm.

- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. og 5. gr., skal auk vörugjalds skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. leggja á vörugjald sem nemur 5% á hvert ökutæki. Samanlagt vörugjald skal þó ekki nema meira en 65% á hvert ökutæki.

6. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Af eftirfarandi ökutækjum skal greiða 5% vörugjald:

- Fólksbifreiðum sem framleiddar eru og skráðar með metan eða metanól sem aðalorkugjafa, ef vörugjald hefur ekki verið innheimt skv. 4. mgr. 3. gr.
- Fólksbifreiðum sem knúnar eru vetni eða rafhreyfli að öllu leyti.

7. gr.

Í stað „30,20 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 32,55 kr.

8. gr.

Í stað „48,70 kr.“ og „51,60 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 52,45 kr.; og: 55,55 kr.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004.

9. gr.

Í stað „67,65 kr.“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: 72,85 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

4. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>
10.000–11.000	0,38	21.001–22.000	8,98
11.001–12.000	1,15	22.001–23.000	9,79
12.001–13.000	1,93	23.001–24.000	10,55
13.001–14.000	2,74	24.001–25.000	11,34
14.001–15.000	3,52	25.001–26.000	12,11
15.001–16.000	4,31	26.001–27.000	12,91
16.001–17.000	5,08	27.001–28.000	13,71
17.001–18.000	5,86	28.001–29.000	14,49

18.001–19.000	6,65	29.001–30.000	15,26
19.001–20.000	7,41	30.001–31.000	16,04
20.001–21.000	8,23	31.001 og yfir	16,81

b. 6. mgr. orðast svo:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum ökutækjum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>	<i>Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetra- gjald, kr.</i>
5.000–6.000	11,03	18.001–19.000	29,12
6.001–7.000	11,93	19.001–20.000	30,44
7.001–8.000	12,85	20.001–21.000	31,78
8.001–9.000	13,76	21.001–22.000	33,11
9.001–10.000	14,65	22.001–23.000	34,40
10.001–11.000	15,95	23.001–24.000	35,72
11.001–12.000	17,66	24.001–25.000	37,05
12.001–13.000	19,36	25.001–26.000	38,37
13.001–14.000	21,03	26.001–27.000	39,68
14.001–15.000	22,75	27.001–28.000	41,01
15.001–16.000	24,42	28.001–29.000	42,34
16.001–17.000	26,11	29.001–30.000	43,65
17.001–18.000	27,82	30.001–31.000	44,94
		31.001 og yfir	46,28

V. KAFLI

Breyting á lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað „7.540 kr.“, „121 gramms“ og „158 kr.“ í 1. málsli. 2. mgr. kemur: 15.080 kr.; 168 gramma; og: 170 kr.

- b. Í stað „7.540 kr.“, „146 grömmum“ og „130 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 15.080 kr.; 204 grömmum; og: 140 kr.
- c. Í stað „7.540 kr.“, „146 grömmum“ og „130 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 15.080 kr.; 204 grömmum; og: 140 kr.
- d. Í stað „62.280 kr.“, „2,61 kr.“ og „97.445 kr.“ í 4. mgr. kemur: 67.075 kr.; 2,81 kr.; og: 104.950 kr.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað „0,0303%“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,03085%.
- b. Í stað „0,0345%“ í b-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 0,040%.
- c. Í stað „0,3440%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 0,3460%.
- d. Í stað „0,7856%“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 0,80%.
- e. Í stað „0,0237%“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: 0,0247%.
- f. Í stað „0,716%“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: 0,730%.
- g. Í stað „0,8791%“ í 8. tölul. 1. mgr. kemur: 0,90%.
- h. Í stað „0,0057%“, „4.000.000 kr.“, „5.000.000 kr.“, „8.500.000 kr.“, „11.000.000 kr.“ og „14.000.000 kr.“ í 9. tölul. 1. mgr. kemur: 0,005475%; 4.100.000 kr.; 5.450.000 kr.; 9.300.000 kr.; 12.000.000 kr.; og: 15.000.000 kr.
- i. Í stað „700.000 kr.“ í 13. tölul. 1. mgr. kemur: 800.000 kr.
- j. Í stað „700.000 kr.“ í 14. tölul. 1. mgr. kemur: 800.000 kr.
- k. Í stað „1.200.000 kr.“ í 15. tölul. 1. mgr. kemur: 1.300.000 kr.
- l. Í stað „700.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 800.000 kr.
- m. Í stað „1.700.000 kr.“ í 5. mgr. kemur: 1.850.000 kr.
- n. Í stað „450.000 kr.“, „1.200.000 kr.“, „3.600.000 kr.“, „6.600.000 kr.“ og „9.500.000 kr.“ í 6. mgr. kemur: 495.000 kr.; 1.320.000 kr.; 3.960.000 kr.; 7.260.000 kr.; og: 10.450.000 kr.
- o. Í stað „150.000 kr.“, „250.000 kr.“, „550.000 kr.“, „900.000 kr.“, „1.300.000 kr.“ og „1.500.000 kr.“ í 7. mgr. kemur: 165.000 kr.; 275.000 kr.; 605.000 kr.; 990.000 kr.; 1.430.000 kr.; og: 1.650.000 kr.
- p. Í stað „500.000 kr.“ í 9. mgr. kemur: 550.000 kr.
- q. Í stað „500.000 kr.“ í 10. mgr. kemur: 550.000 kr.
- r. Í stað „600.000 kr.“ í 11. mgr. kemur: 660.000 kr.
- s. Í stað „0,0022%“ í 13. mgr. kemur: 0,0020%.
- t. Í stað „0,0022%“ í 14. mgr. kemur: 0,0020%.
- u. Í stað „175.000 kr.“ í 15. mgr. kemur: 210.000 kr.
- v. Í stað „400.000 kr.“ í 16. mgr. kemur: 440.000 kr.
- w. Í stað „600.000 kr.“ tvívegis í 17. mgr. kemur: 660.000 kr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Orðin „og skráningu“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fastagjald fyrir afgreiðslu umsókna um skráningu eftirlitsskylds aðila er 300.000 kr.

- c. Í stað „2. mgr.“, „3. mgr.“ og „4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 2. og 3. mgr.; 4. mgr.; og: 5. mgr.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, nr. 166/2011.

14. gr.

Í stað „0,007143%“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 0,006651%.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

15. gr.

Í stað „12.334 kr.“ í 3. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 13.284 kr.

16. gr.

Í stað orðanna „og 2022“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum kemur: 2022 og 2023.

17. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna útreiknings á dvalarframlagi skv. 21. gr. er á tímabilinu 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023 unnt að óska eftir því að Tryggingastofnun ríkisins beri saman útreikning dvalarframlags fyrir og eftir gildistöku laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, nr. 166/2006, og laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, nr. 120/2009. Ef samanburðurinn sýnir aukna kostnaðarþátttöku heimilismanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta dvalarframlag vegna framangreinds tímabils til samræmis við það.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögnum:

- a. Í stað „2022“ í 14. tölul. kemur: 2023.
- b. Í stað „2022“ þrívægis í 1. másl. 18. tölul. kemur: 2023.
- c. Í stað „54,55%“ í 1. másl. 18. tölul. kemur: 68,74%.

X. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum:

- a. Í stað „2022“ þrívægis kemur: 2023.
- b. Í stað „54,55%“ kemur: 68,74%.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

20. gr.

Í stað „2022“ tvívegis í ákvæði til bráðabirgða XI í lögnum kemur: 2023.

21. gr.

Í stað orðanna „og 2022“ í ákvæði til bráðabirgða XV í lögnum kemur: 2022 og 2023.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.

22. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 1.055 kr. á mánuði árið 2023 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012.

23. gr.

Í stað „2022“ og „5.767 kr.“ í 4. mgr. 14. gr. a laganna kemur: 2023; og: 10.781 kr.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.

24. gr.

Í stað „18.800 kr.“ í 4. másl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 20.200 kr.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990.

25. gr.

Í stað orðanna „og 2022“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögnum kemur: 2022 og 2023.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012.

26. gr.

Í stað „2022“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögnum kemur: 2023.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XLI í lögnum:

- a. Í stað orðanna „og 2022“ í 1.–5. mgr. kemur: 2022 og 2023.
- b. Í stað orðanna „og 2021“ í 1.–5. mgr. kemur: 2021 og 2022.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl. 1. mgr. 7. gr. a laganna:

- a. Á eftir „22 kr./kg“ kemur: á umbúðir gerðar úr gleri 25 kr./kg, á umbúðir gerðar úr málmi 25 kr./kg, á umbúðir gerðar úr viði 10 kr./kg.
- b. Í stað „22 kr./kg“ kemur: 42 kr./kg.
- c. Í stað „30 kr./kg“ kemur: 82 kr./kg.

29. gr.

Í stað „30 kr./kg“ í viðauka I við lögina kemur: 82 kr./kg.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka IV við lögina:

- a. Í stað „60,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 70,00 kr./kg.
- b. Í stað „1,1 kr./kg“ í tollskránúmerinu 2710.1940 kemur: 1,3 kr./kg.

31. gr.

Við lögina bætist nýr viðauki, viðauki XI A, svohljóðandi: 85072011 20 kr./kg.

32. gr.

Í stað „18 kr./kg“ í viðauka XIV við lögina kemur hvarvetna: 25 kr./kg.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á efnismálgrein a-liðar 33. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Úrvinnslugjald“ í 1. másl. kemur: 15.000 kr.
- b. Í stað orðsins „innflutning“ í 2. másl. kemur: nýskráningu.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað „19.000 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr., a-lið 2. tölul. 1. mgr., 3. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. kemur: 20.000 kr.
- b. Í stað „39.000 kr.“ í b-lið 2. tölul. 1. mgr. kemur: 42.000 kr.
- c. Í stað „113.000 kr.“ í c-lið 2. tölul. 1. mgr. kemur: 122.000 kr.
- d. Í stað „188.000 kr.“ í d-lið 2. tölul. 1. mgr. kemur: 202.000 kr.
- e. Í stað „313.000 kr.“ í e-lið 2. tölul. 1. mgr. kemur: 337.000 kr.
- f. Í stað „65.000 kr.“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr., b-lið 3. tölul. 2. mgr., 5. tölul. 2. mgr., 1. og 2. tölul. 3. mgr., b-lið 3. tölul. 3. mgr. og 5. tölul. 3. mgr. kemur: 70.000 kr.
- g. Í stað „32.000 kr.“ í a-lið 3. tölul. 2. mgr., 4. tölul. 2. mgr., a-lið 3. tölul. 3. mgr. og 4. tölul. 3. mgr. kemur: 34.000 kr.
- h. Í stað „163.000 kr.“ í c-lið 3. tölul. 2. mgr. og c-lið 3. tölul. 3. mgr. kemur: 176.000 kr.
- i. Í stað „250.000 kr.“ í d-lið 3. tölul. 2. mgr. og d-lið 3. tölul. 3. mgr. kemur: 269.000 kr.

j. Í stað „375.000 kr.“ í e-lið 3. tölul. 2. mgr. og e-lið 3. tölul. 3. mgr. kemur: 404.000 kr.

35. gr.

Í stað „19.000 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 20.000 kr.

36. gr.

Í stað „19.000 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 20.000 kr.

37. gr.

Í stað „19.000 kr.“ í a- og b-lið 3. gr. a laganna kemur: 20.000 kr.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar beiðni um fjárnám, kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða 13.000 kr. í ríkissjóð. Ef fjárnáms, kyrrsetningar eða löggeymslu er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

b. 2. mgr. fellur brott.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar beiðni um nauðungarsölu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal greiða 40.000 kr. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal greiða 13.000 kr.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Í stað „1.–4. mgr.“ í 4. mgr. 5. gr. kemur: 3. og 4. mgr.

40. gr.

Í stað „12.000 kr.“ í 1. másl. 6. gr. laganna kemur: 13.000 kr.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað „2.500 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 2.700 kr.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá skal eigi greiða gjald fyrir þinglýsingu fjárnáms, kyrrsetningar og löggeymslu.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað „2.500 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 2.700 kr.

b. Í stað „5.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 5.400 kr.

c. Í stað „8.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 8.600 kr.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað „11.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 12.000 kr.

- b. Í stað „2.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.200 kr.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir greiðslustofnanir, sbr. 12. gr. laga nr. 114/2021 230.000 kr.
- b. 2. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir miðlæga mótaðila, sbr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2018 230.000 kr.
- c. Í stað „214.000 kr.“ í 3.–6., 12., 27., 35. og 36. tölul. kemur: 230.000 kr.
- d. Í stað „107.000 kr.“ í 7., 9. 15., 17., 31. tölul. og a-lið 43. tölul. kemur: 115.000 kr.
- e. 8. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. 6. gr. laga nr. 45/2020 115.000 kr.
- f. 10. tölul. orðast svo: Leyfisbréf til reksturs skipulegs markaðar, sbr. 74. gr. laga nr. 115/2021 197.000 kr.
- g. 11. tölul. fellur brott.
- h. Í stað „3. gr. laga nr. 131/1997“ í 12. tölul. kemur: 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. 3. gr. laga nr. 7/2020.
- i. 13. tölul. orðast svo: Starfsleyfi váttryggingafélaga eða félaga með sérstakan tilgang, sbr. 17. gr. og 19. gr. laga nr. 100/2016 197.000 kr.
- j. 14. tölul. orðast svo: Starfsleyfi váttryggingamiðlara, sbr. 4. gr. laga nr. 62/2019 115.000 kr.
- k. 16. tölul. orðast svo: Starfsleyfi fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu, sbr. 104. gr. laga nr. 115/2021 107.000 kr.
- l. Í stað „11.000 kr.“ í 18., 22., 30., 45., 46., 48., a- og b-lið 49. tölul. og 52. tölul. kemur: 12.000 kr.
- m. Í stað „8.500 kr.“ í a-lið 20. tölul. kemur: 9.200 kr.
- n. Í stað „32.000 kr.“ í b-lið 20. tölul. og 28. tölul. kemur: 34.000 kr.
- o. Í stað „40.000 kr.“ í c-lið 20. tölul. og b-lið 41. tölul. kemur: 43.000 kr.
- p. Í stað „120.000 kr.“ í d-lið 20. og b-lið 21. tölul. kemur: 129.000 kr.
- q. Í stað „80.000 kr.“ í a-lið 21. tölul. kemur: 86.000 kr.
- r. Í stað „33.000 kr.“ í 23. tölul. kemur: 36.000 kr.
- s. Í stað „65.000 kr.“ í 29. tölul. og b-lið 43. tölul. kemur: 70.000 kr.
- t. Í stað „54.000 kr.“ í 34. tölul. kemur: 58.000 kr.
- u. Í stað „172.000 kr.“ í 39. tölul. kemur: 185.000 kr.
- v. Í stað „17.000 kr.“ í a-lið 40. tölul. kemur: 18.000 kr.
- w. Í stað „60.000 kr.“ í b-lið 40. tölul. kemur: 65.000 kr.
- x. Í stað „10.000 kr.“ í a-lið 41. tölul. kemur: 11.000 kr.
- y. Í stað „21.000 kr.“ í c-lið 43. tölul. kemur: 23.000 kr.
- z. Í stað „2.500 kr.“ í 50. tölul. kemur: 2.700 kr.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað „6.000 kr.“ í 1., 3., 6., 7. og 10.–16. tölul. kemur: 6.500 kr.
- b. Í stað „11.000 kr.“ í 2., 17. og 18. tölul. kemur: 12.000 kr.
- c. Í stað „54.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 58.000 kr.
- d. Í stað „32.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 34.000 kr.
- e. Í stað „13.000 kr.“ í 8. og 9. tölul. kemur: 14.000 kr.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað „250.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 270.000 kr.
- b. Í stað „124.500 kr.“ í 2. og 7. tölul. kemur: 134.000 kr.
- c. Í stað „66.500 kr.“ í 4. tölul. kemur: 72.000 kr.
- d. Í stað „83.000 kr.“ í 5. tölul. kemur: 89.000 kr.
- e. Í stað „8.300 kr.“ í 6. tölul. kemur: 9.000 kr.
- f. Í stað „2.000 kr.“ í 8. tölul. kemur: 2.200 kr.
- g. 9. tölul. orðast svo: Löggilding skilanevndar 17.500 kr.
- h. Í stað „9.000 kr.“ í 12. tölul. kemur: 9.700 kr.
- i. Í stað „21.000 kr.“ í 14. og 15. tölul. kemur: 23.000 kr.

47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- a. Í stað „13.000 kr.“ í a-lið 1. tölul. kemur: 14.000 kr.
- b. Í stað „26.000 kr.“ í b-lið 1. tölul. kemur: 28.000 kr.
- c. Í stað „7.000 kr.“ í c-lið 1. tölul. kemur: 7.500 kr.
- d. Í stað „5.600 kr.“ í a-lið 2. tölul. kemur: 6.500 kr.
- e. Í stað „11.000 kr.“ í b-lið 2. tölul. og 31. tölul. kemur: 12.000 kr.
- f. Í stað „2.800 kr.“ í c-lið 2. tölul. kemur: 3.000 kr.
- g. Í stað „10.000 kr.“ í a-lið 3. tölul. og 16. tölul. kemur: 11.000 kr.
- h. Í stað „20.000 kr.“ í b-lið 3. tölul. kemur: 22.000 kr.
- i. Í stað „4.000 kr.“ í c-lið 3. tölul., 29. og 38. tölul. kemur: 4.300 kr.
- j. Í stað „8.000 kr.“ í d-lið 3. tölul. og 28. tölul. kemur: 8.600 kr.
- k. Í stað „6.000 kr.“ í 17. tölul. kemur: 6.500 kr.
- l. Í stað „5.000 kr.“ í 18. og 19. tölul. kemur: 5.400 kr.
- m. Í stað „2.500 kr.“ í 20.–22. og 24. tölul. kemur: 2.700 kr.
- n. Í stað „2.000 kr.“ í 23. kemur: 2.200 kr.
- o. Í stað „25.000 kr.“ í a-lið 27. tölul. kemur: 27.000 kr.
- p. Í stað „12.500 kr.“ í b-lið 27. tölul. kemur: 13.500 kr.
- q. Í stað „1.650 kr.“ í 30. tölul. kemur: 1.800 kr.
- r. Í stað „afgreiðslu umsóknar“ í 1. másl. 32. tölul. og 33. og 34. tölul. kemur: umsókn
- s. Í stað „15.000 kr.“ í 1. másl. 32. tölul. og 33. og 34. tölul. kemur: 16.000 kr.
- t. Í stað „45.000 kr.“ í 35. tölul. kemur: 48.000 kr.
- u. Í stað „7.500 kr.“ í 36. tölul. kemur: 8.000 kr.
- v. Í stað „4.500 kr.“ í 37. og 39. tölul. kemur: 4.800 kr.
- w. Í stað „4.000 kr.“ í 38. tölul. kemur: 4.300 kr.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. a laganna:

- a. Í stað „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.200 kr.
- b. Í stað „50.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 54.000 kr.

49. gr.

Í stað „3.000 kr.“ í 14. gr. b laganna kemur: 3.200 kr.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað „6.000 kr.“ í 1. tölul. og a-lið 5. tölul. kemur: 6.500 kr.
- b. Í stað „8.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 8.600 kr.
- c. Í stað „11.000 kr.“ í 3. tölul. kemur: 12.000 kr.
- d. Í stað „21.000 kr.“ í 4. tölul. kemur: 23.000 kr.
- e. Í stað „16.000 kr.“ í b-lið 5. tölul. kemur: 17.000 kr.
- f. Í stað „81.000 kr.“ í c-lið 5. tölul. kemur: 87.000 kr.

51. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Gjöld vegna skipa.**

52. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir þjónustu í sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa skal eigandi hvers skips greiða árlega 12.000 kr.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað „2.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. og 3. tölul. 4. mgr. kemur: 2.200 kr.
- b. Í stað „900 kr.“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur: 1.000 kr.
- c. Í stað „800 kr.“ í 2. tölul. 4. mgr. kemur: 900 kr.

54. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.

55. gr.

Í stað orðanna „sem heimilt er að framleiða“ í 1., 2. og 3. másl. 20. gr. e laganna kemur: leyfilegs hámarkslífmassa.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, nr. 89/2019.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „meðaltal alþjóðlegs markaðsverð á atlantshafslaxi frá ágúst til október“ í 1. másl. kemur: nýjasta 12 mánaða meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi.
- b. Í stað „3,5%“ í a-lið kemur: 5%.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

57. gr.

Í stað „2022“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögnum kemur: 2023.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

58. gr.

Í stað „6,60 kr.“, „0,80 kr.“, „4,30 kr.“, „2,40 kr.“ og „1,40 kr.“ í 4. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: 6,10 kr.; 0,40 kr.; 4,10 kr.; 1,60 kr.; og: 0,60 kr.

59. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2023.

Ákvæði 15. gr. kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023 vegna tekna ársins 2022.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast ákvæði 33. gr. og 56. gr. þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Seðlabanki Íslands skal svo fljótt sem verða má og ekki síðar en 31. desember 2023 endurgreiða aðilum sem hafa á árinu 2022 greitt fastagjald skv. 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, vegna afgreiðslu umsóknar um skráningu rekstraraðila sérhæfðs sjóðs 700 þús. kr. vegna hvernar afgreiðslu.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023. Tillögur þess hafa bæði áhrif á tekju- og gjaldahlíð fjárlagafrumvarpsins.

2. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er að finna eftirfarandi tillögur að lagabreytingum:

- Hækkanir á kolefnisgjaldi, olíugjaldi, almennu og sérstöku kílómetragjaldi, almennu og sérstöku bensíngjaldi, bifreiðagjaldi og gjaldi af áfengi og tóbaki verði 7,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023. Sama gildir um gjald í Framkvæmdasjóði aldraðra og sérstakt gjald til Ríkisútvarpsins sem og gjöld sem kveðið er á um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.
- Dregið úr afslætti áfengisgjalds og tóbaksgjalds sem lagt er á í tollfjálsnum verslunum.
- Breytingar á álagningu vörugjalda þar sem lagt er til að sérstakt 5% vörugjald skuli lagt á allar nýjar fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki með skráða losun koltvísýrings sem ekki eru sérstaklega tilgreind í tiltekna undirflokkum. Þá er lagt til að sérstakt 5% vörugjald skuli lagt á allar nýjar fólksbifreiðar sem knúnar eru vetni eða rafhreyfli að öllu leyti. Samhliða verða losunarmörk og skattprósentur lækkaðar.
- Tvöföldun á lágmarksfjárhæð bifreiðagjalds og breyting á losunarmörkum.
- Breytingar á eftirlitgjaldi til að standa undir áætluðum kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlits og skilavalds innan Seðlabanka Íslands.
- Lækkun gjaldhlutfalls vegna greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara í samræmi við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar.
- Framlenging á bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.
- Bráðabirgðaákvæði sem koma skal í veg fyrir að kostnaðarþátttaka heimilismanna á dvalar- og hjúkrunarheimilum aukist við það að tengingar við tekjur maka voru afnumdar.

- Framlenging á ákvæði til bráðabirgða til að sporna við því að víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða hefjist að nýju.
- Framlenging á bráðabirgðaákvæðum um hækkun á frítekjumarki örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.
- Lækkun á sóknargjöldum.
- Breytingar á fjárhæð losunargjalds samkvæmt lögum um loftslagsmál.
- Framlenging á bráðabirgðaákvæðum þar sem kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2023 og hins vegar að atvinnurekendur sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2023, eða 0,10%.
- Tímabundnar útreikningsreglur og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta verði framlengdar óbreyttar um eitt ár.
- Lagt er til að úrvinnslugjald að fjárhæð 15.000 kr. verði lagt á ökutæki við nýskráningu þeirra í stað innflutnings. Jafnframt er lögð til breyting á fjárhæð úrvinnslugjalds vegna gler- og málmumbúða, viðarumbúða, pappa og pappírsumbúða, plastumbúða, heyrúllu-plasts, olíuvara, svartolíu, iðnaðarrafhlaðna, iðnaðarrafgeyma og varnarefna.
- Árgjald í Umhverfissjóð sjókvíaeldis miðist við leyfilegan hámarkslífmassa í stað leyfilegs framleiðslumagns.
- Gjaldhlutfall verðmætagjalds vegna sjókvíaeldis hækki úr 3,5% í 5% og viðmiðunar-tímabili gjaldsins breytt.
- Bráðabirgðaákvæði sem kveður á um heimild til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hætumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða framlengt um eitt ár.
- Lækkun á umsýsluþóknun á umbúðir úr stáli, áli og plasti.

3. Nánar um einstaka liði frumvarpsins.

3.1. Verðlagsuppfærsla krónutöluskatta.

Í frumvarpinu eru tillögur um 7,7% hækkun á svokölluðum krónutölusköttum í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Er þá miðað við áætlaða tólf mánaða breytingu á vísitölu neysluverðs árið 2022 sem er 7,7% samkvæmt þjóðhagssþá Hagstofunnar. Þannig munu gjöldin halda verðgildi sínu milli ára í stað þess að rýrna að raunvirði. Hækkunin nær til áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjalds ásamt gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra, útvarpsgjalds og gjalda sem falla undir lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hafa verið óbreytt frá árinu 2019. Um er að ræða aðgerð stjórnvalda á tekjuhlið ríkisfjármálanna sem miðar að því að draga úr þenslu og verðbólgu. Áætlað er að verðlagsuppfærslan skili ríkissjóði samtals 6,4 milljörðum kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Þessar hækkunir munu óhjákvæmilega hafa áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs og eru þau áhrif áætluð 0,2%. Breytingar á útvarpsgjaldi og gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra hafa þó ekki áhrif á vísitölu neysluverðs.

3.2. Breytingar gerðar á vörugjaldi á ökutæki með nýju 5% lágmarksgjaldi, lækkun losunarmarkna og lækkun skattprósentu.

Lagðar eru til breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og er um að ræða aðgerð stjórnvalda á tekjuhlið ríkisfjármálanna sem miðar að því að draga úr þenslu og verðbólgu. Lagt er til að gerðar verði breytingar á vörugjaldi sem lagt er á ný ökutæki við innflutning eða framleiðslu. Breytingunum er ætlað að breikka skattstofn vörugjalds, en tekjur

af vörugjaldi á bifreiðar hafa dregist hratt saman síðustu ár. Jafnframt er þeim ætlað að efla hvata til kaupa á hreinorkubifreiðum og stuðla þannig að áframhaldandi framgangi orkuskipta. Lækkunin skýrist einna helst af fjölgun sparneytinna og vistvænna bifreiða. Þær síðarnefndu bera í fæstum tilvikum vörugjald við innflutning líkt og bifreiðar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.

Tillagan felur í sér að losunarviðmið ökutækja sem ráða skatthlutfalli vörugjalds á ökutæki verði hert. Jafnframt felur tillagan í sér álagningu á sérstöku 5% vörugjaldi sem lagt verður á allar nýjar fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki með skráða losun koltvísýrings, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í tiltekna undirflokkka. Samhliða er gerð tillaga um álagningu á sérstöku 5% vörugjaldi sem m.a. verður lagt á fólksbifreiðar sem knúnar eru rafhreyfli að öllu leyti, þ.e. rafmagnsbifreiðar. Þá er lögð til lækkun á skattprósentu á hvert g/km skráðrar losunar. Losunarmörk vörugjalds lækka um 5 grömm en þau hafa í grunninn haldist óbreytt frá því að skattlagning vörugjalds á ökutæki tók fyrst mið af skráðri losun árið 2011. Frá þeim tíma hafa tekjur af vörugjaldi af hverri bifreið farið lækkanði vegna örrar þróunar við framleiðslu sparneytinna og vistvænna fólksbifreiða. Talið er nauðsynlegt að álagning vörugjalds til framtíðar beinist jafnframt að hreinorkubifreiðum m.a. til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna notkunar slíkra bifreiða á vegakerfinu. Skattprósentan mun lækka um 0,03 prósentustig til þess að milda áhrifin af lækkun losunarmarka. Gera má ráð fyrir því að útsöluverð nýrra fólksbifreiða geti hækkað um allt að 5%. Jafnframt má þó leiða að því líkum að verðmæti þeirra fólksbifreiða sem fyrir eru í landinu muni samhliða hækka vegna hærri endursöluverðs. Áhrif á verðbólgu eru metin 0,2% til hækkunar. Áætlað er að breytingin skili ríkissjóði 2,7 milljörðum kr. í viðbótartekjur.

3.3. Lágmarksfjárhæð bifreiðagjalds tvöfölduð og breyting losunarmarkna.

Auk 7,7% hækkunar gjalda sem kveðið er á um kafla 3.1 eru lagðar til nokkrar aðrar nauðsynlegar breytingar á lögum um bifreiðagjald og er um að ræða aðgerð stjórnvalda á tekjuhlíð ríkisfjármálanna sem miðar að því að draga úr þenslu og verðbólgu. Lögð er til tvöföldun á lágmarki bifreiðagjalds sem er lagt á fólksbíla. Gjaldið fer úr 7.540 kr. í 15.080 kr. en það er greitt tvisvar á ári. Á móti verða losunarmörk hækkuð þannig að bifreiðagjald sem lagt er á fólksbifreiðar með losun umfram 200 g/km helst óbreytt að raunvirði. Aðgerðinni er ætlað að styrkja tekjustofna ríkissjóðs af ökutækjum en á síðustu árum hafa þeir verið að dragast saman vegna fjölgunar vistvænna og sparneytinna fólksbifreiða. Með þessum breytingum verður meðaltal álagningar bifreiðagjalds á fólksbifreiðar nálægt því sem það var árið 2017, leiðrétt fyrir verðbólgu. Áætlað er að þessi breyting skili ríkissjóði 2,2 milljörðum kr. í viðbótartekjur.

3.4. Áfengi og tóbak sem selt er í tollfrjálsum verslunum.

Áfengi og tóbak sem selt er í tollfrjálsum verslunum ber lægra vörugjald en í öðrum verslunum hérlendis. Á áfengi er lagt 10% af áfengisgjaldi á söluna og á tóbak er lagt 40% af tóbaksgjaldi á söluna. Til stendur að draga úr afslætti í tollfrjálsum verslunum þannig að áfengisgjald fari úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50% af því sem almennt gildir. Um er að ræða aðgerð stjórnvalda á tekjuhlíð ríkisfjármálanna sem miðar að því að draga úr þenslu og verðbólgu. Samanlagt leiðir þessi tekjuöflun til 0,7 milljarða kr. hækkunar á áætlun áfengis- og tóbaksgjalds.

3.5. Greiðsla kostnaðar vegna reksturs Fjármálaeftirlits og skilavalds.

Lagt er til að gjöld vegna Fjármálaeftirlits og skilavalds Seðlabankans skv. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, taki minni háttar breytingum, að mestu leyti til hækkunar, með hliðsjón af breytingum á áætluðum kostnaði, m.a. vegna almennra verðlagshækkana. Þá er lagt til að gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um skráningu eftirlitsskyldra aðila skv. 7. gr. laganna lækki úr 1 millj. kr. í 300 þús. kr. Nauðsynleg vinna við afgreiðslu þeirra hefur reynst mun minni en vinna við afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila og því er talið unnt að lækka gjaldið. Jafnframt er lagt til að Seðlabankanum verði falið að endurgreiða aðilum sem greitt hafa hærra gjaldið vegna afgreiðslu umsókna um skráningu mismuninn á því og lækkaða gjaldinu, þ.e. 700 þús. kr. vegna hvernar afgreiðslu.

3.6. Greiðsla kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.

Lögð er til lækkun á gjaldhlutfalli af álagningarstofni skv. 4. gr. laga um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, nr. 166/2011. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við rekstur stofnunarinnar og er lagt á gjaldskylda aðila, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Í 7. gr. laganna er kveðið á um að tekið skuli tillit til rekstrarafgangs eða rekstrartaps af starfsemi umboðsmanns skuldara við ákvörðun á fjárhæð gjalds fyrir næsta almanaksár. Útlán gjaldskyldra aðila 31. desember 2021 voru um 4.202 milljarðar kr. og áætlaður kostnaður vegna reksturs umboðsmanns skuldara var um 279,5 millj. kr. Álagningarprósentan verður því 0,006651% á árinu 2023. Álagningarstofn gjaldsins er öll útlán gjaldskyldra aðila.

3.7. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Lögð er til 7,7% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við verðlagsfor-sendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2023. Samkvæmt því verður gjaldið 13.284 kr. á hvern gjaldanda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023 vegna tekna ársins 2022. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði um 212 millj. kr. viðbótartekjum á ári.

3.8. Rekstrarkostnaður hjúkrunarrýma og kostnaðarþátttaka heimilismanna.

Lagt er til nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Er það gert til að koma í veg fyrir að kostnaðarþátttaka heimilismanna á dvalar- og hjúkrunarheimil-um aukist við það að tenging við tekjur maka var afnumin. Jafnframt er lagt til að gildistími ákvæðis til bráðabirgða VII verði framlengdur. Það leiðir til þess að heimilt verður að verja fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða á árinu 2023.

3.9. Samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Með lögum nr. 106/2011, sem samþykkt voru í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða um víxlverkun örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum annars vegar og hins vegar hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum frá 3. desember 2010, var tímabundið komið í veg fyrir víxlverkun milli örorkubóta frá almanna-tryggingum og örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum sem orðið hafði í samspili þessara tveggja meginstoða í lífeyristryggingum.

Víxlverkun þessi lýsir sér þannig að samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð lækka lífeyrisgreiðslur og bætur félagslegrar aðstoðar í mörgum tilfell-um vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Þá er mælt fyrir um það í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að sjóðfélagi í lífeyrissjóði eigi rétt á örorkulífeyri

úr viðkomandi sjóði hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutaps sem er metið 50% eða meira. Ákvæðið hefur verið útfært nánar í samþykktum lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um að heildartekjur örorkulífeyrisþega eftir orkutap verði ekki umfram þær tekjur sem hann hafði fyrir. Við samanburð á heildartekjum fyrir og eftir orkutap líta lífeyrissjóðir meðal annars til greiðslna almannatrygginga sem oft hefur leitt til þess að greiðslur til örorkulífeyrisþega úr lífeyrissjóðum hafa lækkað eða jafnvel fallið niður. Við þá tekjulækkun öðlast hinir sömu einstaklingar aukin réttindi innan almannatryggingakerfisins sem aftur leiðir til enn frekari lækkunar á greiðslum frá lífeyrissjóðunum við næsta samanburð og síðan koll af kalli. Gagnkvæm tekjutenging almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum getur því leitt til tíðra breytinga á örorkulífeyrisgreiðslum og tilsvareandi óöryggis lífeyrisþega sem fyrst og fremst hefur komið örorkulífeyrisþegum illa.

Til að komið verði í veg fyrir að framangreind víxlverkun eigi sér stað á árinu 2023 er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæða í lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð og ákvæðis til bráðabirgða XI í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verði framlengdur um eitt ár. Ef ekki væri gripið til þess að framlengja ákvæðið er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs mundu lækka nettó um 300 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að fjárhæð frítekjumarks vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar og heimilisuppbótar verði óbreytt á árinu 2023. Frítekjumarkið er nú 1.315.200 kr. á ári sem jafngildir 109.600 kr. á mánuði. Verði ákvæðið ekki framlengt mun frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna lækka úr 1.315.200 kr. á ári í 300.000 kr. og leiða til lækkunar bóta hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem hafa atvinnutekjur yfir frítekjumarkinu. Að óbreyttu hefðu útgjöldin lækkað um 1,2 milljarða kr. á árinu 2023.

Þá stendur yfir vinna við endurmat útgjalda almannatryggingakerfisins sem felur í sér kerfisbundna kostnaðargreiningu í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á örorkulífeyriskerfinu. Til sérstakrar skoðunar er jöfnunarframlag ríkissjóðs til lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna, víxlverkun greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóðsgreiðslna og markviss endurhæfing fyrr í slysa- eða veikindaferlinu en nú er.

3.10. Sóknargjöld.

Í frumvarpinu er lagt til að föst krónutala sóknargjalda lækki úr 1.107 kr. á mánuði samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, í 1.055 kr. fyrir árið 2023. Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga breytist að öllu jöfnu í samræmi við áætlaða breytingu á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri, sem og fjölgun einstaklinga. Nú er hins vegar, eins og í fjárlögum fyrir árið 2022, með breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl., gert ráð fyrir að fastsetja fjárhæð sóknargjalda. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 2.960,7 millj. kr. framlagi til þeirra liða sem sóknargjald reiknast á að teknu tilliti til almennra aðhaldskrafna í forsendum frumvarpsins og nemur heildarlækkun sóknargjaldsins frá gildandi fjárlögum því 84,8 millj. kr. Lækkunin kemur til af því að við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022 á 152. löggjafarþingi gerði Alþingi tillögu um 272,4 millj. kr. tímabundna hækkun sóknargjalda í samræmi við tillögur efnahags- og viðskiptanefndar í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022 (3. mál, þskj. 3). Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir því að sóknargjöld yrðu 985 kr. á mánuði, en eftir tillögu Alþingis var gert ráð fyrir 122 kr. hækkun á sóknargjöldum sem leiddi alls til 272,4 millj. kr. hækkunar. Nú hefur þessi tímabundna hækkun verið felld niður.

3.11. Gjaldskyld losun gróðurhúsalofttegunda.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárhæð losunargjalds skv. 4. mgr. 14. gr. a í lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, þar sem kveðið er á um losunargjald sem lagt er á rekstraraðila starfsstöðva sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir samkvæmt greininni. Í ljósi þess að losunargjaldið hefur einkenni skatts, sbr. 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, þarf að kveða á um fjárhæð þess í lögum og uppfæra gjaldið árlega og er því mælt fyrir um fjárhæð gjaldsins í frumvarpinu.

Nauðsynlegt er að lögfesta fjárhæð losunargjalds vegna losunar á árinu 2023 í síðasta lagi 31. desember 2022 svo að rekstraraðilum starfsstöðva sem hafa verið undanskildar gildissviði viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir verði ljóst fyrir upphaf árs 2023 hver fjárhæð gjaldsins verður vegna losunar ársins. Lagt er til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar sem fram fer á árinu 2023 verði 10.781 kr. fyrir hvert tonn losunar gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt 5. mgr. 14. gr. a í lögum um loftslagsmál skal Umhverfisstofnun fyrir 31. maí ár hvert afhenda innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu um magn gjaldskyldrar losunar á undan-gengnu ári. Innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi starfsstöðvar skal því næst, fyrir 1. júlí ár hvert, leggja á og innheimta losunargjald af starfsstöðvum sem hafa verið undanþegnar gildissviði viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir. Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar 2022 um gjaldskylda losun gróðurhúsalofttegunda árið 2021 voru fjórar starfsstöðvar undanþegnar gildissviði viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir.

Þrjár af fjórum starfsstöðvum sem um ræðir skiluðu losunarskýrslu til Umhverfisstofnunar vegna losunar árið 2021. Sú fjórða sendi staðfestingu þess efnis að engin losun hafi átt sér stað árið 2021. Sú starfsstöð þurfti því ekki að greiða losunargjald vegna losunar fyrir árið 2021. Þrjár starfsstöðvar losuðu hins vegar meira en samsvarar því sem þær hefðu fengið úthlutað endurgjaldslaust í viðskiptakerfi ESB og bar þeim þar af leiðandi að greiða fyrir losun ársins 2021. Fjárhæð losunargjalds nam hæst 14.299.670 kr. en lægst 1.214.220 kr.

Í athugasemdum með 14. gr. frumvarps þess er varð að lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, var lagt til að við ákvörðun losunargjaldsins yrði byggt á upplýsingum um markaðsverð losunarheimilda frá Intercontinental Exchange-markaðnum í London (ICE) en þegar frumvarpið var lagt fram fóru rúmlega 90% viðskipta með losunarheimildir í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir fram þar. Til að fá traustar og hlutlægar upplýsingar um markaðsverðið var samið við KPMG ehf. um að útbúa minnisblað um meðalverð losunarheimilda á tímabilinu 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022.

Í minnisblaði frá KPMG, dags. 10. ágúst 2022, kemur fram að verð losunarheimilda á tímabilinu 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022 hafi verið 74,7 evrur sem samsvarar 10.781 ísl. kr. miðað við meðaltal af miðgengi dagslokagengis evru hjá Seðlabanka Íslands á sama tímabili. Við útreikning meðalverðs var stuðst við söguleg gögn um viðskipti með losunarheimildir á ICE-markaðnum.

Frá því að síðasti útreikningur var gerður hefur meðalverð losunarheimilda hækkað um 36,8 evrur, eða um 98,2%. Á sama tíma hefur meðalverð losunarheimilda hækkað um 5.002 kr., eða um 86,7%. Meðalgengi evru á síðasta tímabili var 155,2 kr. en hafði lækkað niður í 144,3 kr. á tímabilinu sem samsvarar lækkun upp á 7%. Dagsmeðalverð á losunarheimildum var 78,3 evrur 29. júlí 2022, síðasta dag sem viðskipti áttu sér stað á tímabilinu. Mikil hækkun hefur orðið á verði losunarheimilda síðastliðin ár en á síðustu sex árum fór dagsmeðalverð lægst niður í 3,9 evrur 2016 sem samsvarar 1.892% hækkun á tímabilinu.

Á tímabilinu 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022 áttu viðskipti sér stað á 231 degi. Meðalverð tímabilsins er reiknað út sem meðaltal af vegnu meðalverði dagsviðskipta, ef einhver voru.

Lagt er til að framangreindir útreikningar KPMG verði lagðir til grundvallar við ákvörðun losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar á árinu 2022. Rekstraraðilar starfsstöðva sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfisins, skv. 14. gr. a í lögum um loftslagsmál, skulu samkvæmt því greiða 10.781 kr. fyrir hvert tonn losunar gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi starfsstöð á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2023. Þar sem losunargjald tekur mið af meðalverði losunarheimilda á árstímabili, sem lýkur 31. júlí árið áður en hin gjaldskylda losun á sér stað, þarf fyrir lok hvers árs að breyta því ártali og þeirri fjárhæð sem fram kemur í 4. mgr. 14. gr. a í lögnum. Með þeim hætti verður í upphafi hvers árs ljóst hver verður upphæð losunargjalds á almanaksárinu.

3.12. Sérstakt gjald vegna Ríkisútvarpsins.

Lagt er til að sérstakt gjald vegna Ríkisútvarpsins verði breytt sem nemur almennum verðlagsbreytingum 2022 og fari úr 18.800 kr. í 20.200 kr. Áætlaðar viðbótartekjur af breytingunni nema um 388 millj. kr. árlega.

3.13. Starfsendurhæfingarsjóðir.

Lögð er til framlenging á ákvæðum til bráðabirgða við lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða og lög um tryggingagjald sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2023. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi fyrir árin 2013–2022. Eftir sem áður er gert ráð fyrir óbreyttri fjármögnun frá atvinnurekendum og lífeyrissjóðum, eða 0,10%. Þá er gert ráð fyrir því að samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra annars vegar og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs, SES, hins vegar verði breytt til samræmis og að á árinu 2023 leggi ríkissjóður starfsendurhæfingarsjóði til framlag á fjárlögum.

3.14. Vaxtabætur.

Í lok árs 2010 voru gerðar margvíslegar breytingar á útreikningsreglum vaxtabóta. Þessar reglur áttu að gilda í tvö ár en hafa síðan verið framlengdar óbreyttar ár frá ári. Þá voru eignarmörk bótanna hækkuð um 10% og vaxtagjalda- og vaxtabótafjárhæðir um 5% í lok árs 2018. Verði þessar útreikningsreglur ekki framlengdar nú taka eldri reglur við frá og með næstu áramótum með þeim afleiðingum að stuðningur ríkissjóðs í formi vaxtabóta dreifist á fleiri fjölskyldur, þ.e. fjölskyldur sem ekki njóta bóta í dag, en á sama tíma lækka bætur þeirra fjölskyldna sem notið hafa hámarksbóta (tekjulágar og eignalitlar fjölskyldur). Í ljósi þess að enn er unnið að heildarendurskoðun á húsnaðisstuðningi stjórnvalda á ýmsum sviðum (vaxtabótakerfi, húsaleigubótakerfi, félagsleg aðstoð o.fl.) er lagt til að útreikningsreglur vaxtabóta verði framlengdar um eitt ár í viðbót sem þýðir að reiknireglur og viðmiðunarfjárhæðir kerfisins verði þær sömu á árinu 2023 og á þessu ári. Á þeim forsendum er áætlað að útgjöld vegna vaxtabóta nemi 1,9 milljörðum kr. á árinu 2023. Mikil hækkun fasteignamats ásamt hærri tekjum mun leiða til aukinna skerðinga á árinu 2023 og mun hækkun vaxta hafa takmörkuð áhrif vegna mikilla skerðinga.

3.15. Úrvinnslugjald.

Markmið laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Jafnframt er markmið laganna að skapa hagræn

skilyrði fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs og aðra endurnýtingu úrgangs með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi, í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fellur til og fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Til að stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu er úrvinnslugjald (kr./kg) lagt á vörur sem falla undir lögum, hvort sem þær eru fluttar til landsins eða framleiddar hér á landi. Vörunum er skipt í vöruflokka (uppgjörsflokka) sem eiga að vera fjárhagslega sjálfstæðir, þ.e. tekjur af úrvinnslugjaldi eiga að standa undir kostnaði við söfnun, flutninga og endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun (úrvinnslu). Þegar upphæð úrvinnslugjalds liggur fyrir ráðast tekjur af umfangi innflutnings og innlestrar framleiðslu.

Hinn 1. janúar 2023 taka gildi lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021. Tilfni lagasetningarinnar var innleiðing tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins, tilskipun (ESB) 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs, tilskipun (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang, tilskipun (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang og tilskipun (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið.

Talið var mikilvægt að innleiða fyrrgreindar tilskipanir til að skapa sem fyrst skilyrði í íslenski löggjöf fyrir myndun svokallaðs hringrásarhagkerfis í því skyni að ýta undir bættu endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og draga verulega úr myndun hans. Tilskipanirnar eru tilkomnar í kjölfar yfirgripsmikillar endurskoðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á Evrópulöggjöf um úrgang sem hefur þann meginilgang að innleiða hringrásarhagkerfi og slíta tengsl milli hagvaxtar og myndunar úrgangs. Með þessari endurskoðun úrgangslöggjafarinnar er stefnt að því að Evrópa verði í fararbroddi í heiminum þegar kemur að úrgangsmálum og er lagt upp með að gera framleiðslu og neyslu í álfunni sjálfbæra, draga úr myndun úrgangs og varðveita auðlindir með því að halda hráefni í hringrás.

Í þeim tilgangi að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang er í lögum nr. 103/2021 mælt fyrir um breytingar á lögum um úrvinnslugjald til þess að taka upp framlengda framleiðendaábyrgð fyrir allar umbúðir. Með lögnum er úrvinnslugjald lagt á gler-, málm- og viðarumbúðir til viðbótar við pappa-, pappír- og plastumbúðir. Með hliðsjón af þessum breytingum er nauðsynlegt að kveða á um fjárhæð úrvinnslugjalds á nýju umbúðaflokkana en jafnframt hækka úrvinnslugjaldið til að mæta hærri tilkostnaði við sérstaka söfnun, sbr. 12. gr. laga nr. 103/2021.

Með lögum nr. 103/2021 er jafnframt kveðið á um breytingar á framleiðendaábyrgð á rafhlöðum og rafgeymum sem og varðandi skilagjald á ökutækjum. Jafnframt er kveðið á um breytingar þess efnis að framleiðendur, eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd, standi undir hreinum kostnaði sem hlýst af söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu allra notaðra iðnaðarrafhlaðna og iðnaðarrafgeyma sem safnað er, og gildir það um allar notaðar rafhlöður og rafgeyma án tillits til þess hvaða dag varan var sett á markað. Markmiðið er að tryggja að ábyrgð á úrvinnslu drifrafhlaðna sé framleiðenda, að tryggja viðeigandi meðhöndlun drifrafhlaðna að lokinni notkun og að jafnræði ríki á markaði þegar kemur að ábyrgð og meðhöndlun. Úrvinnslusjóði er falið það hlutverk að innheimta úrvinnslugjald af iðnaðarrafhlöðum og iðnaðarrafgeymum við innflutning. Til að mæta þessum breytingum er nauðsynlegt að kveða á um fjárhæð úrvinnslugjalds sem lagt verður á iðnaðarrafhlöður og iðnaðarrafgeyma samkvæmt viðauka XI A við lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Úrvinnslugjald hefur verið lagt á eigendur skráningarskyldra ökutækja. Ekki hafa þó verið gerð skýr skil á milli framleiðendaábyrgðar á úrvinnslu ökutækis í formi úrvinnslugjalds á framleiðendur ökutækja og úrvinnslugjalds sem innheimt hefur verið af eigendum ökutækja, sem hefur að hluta til verið grundvöllur að skilagjaldi á ökutæki. Með lögum nr. 103/2021 eru gerðar breytingar á inntaki ákvæða um úrvinnslugjald á ökutæki samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002. Þannig er gerður greinarmunur á annars vegar úrvinnslugjaldi sem innheimt skal við innflutning ökutækja sem nær þá til ábyrgðar framleiðenda á úrvinnslu ökutækis og hins vegar á skilagjaldi á skráningarskyld ökutæki sem innheimt er reglulega af skráðum eigendum ökutækja, sem eiga rétt á að fá greitt skilagjald fyrir ökutæki þegar þeim er skilað á móttökustöð til endurnýtingar eða förgunar. Úrvinnslugjaldi á framleiðendur er því ætlað að standa undir móttöku, endurnýtingu og förgun ökutækisins en skilagjaldinu er ætlað að mynda hvata fyrir eigendur ökutækja að koma þeim í rétta meðhöndlun þegar líftíma ökutækis er lokið, eins og verið hefur. Gert ráð fyrir að sú aðgerð að fjarlægja drifraflöðu úr skráningarskyldu ökutæki falli undir framleiðendaábyrgð á ökutækinu sjálfu en ekki iðnaðarraflaðna og iðnaðarrafgeyma. Til hagræðis er lagt til að úrvinnslugjald á ökutæki verði lagt á við nýskráningu ökutækja í stað innflutnings eins og fyrirhugað var með lögum nr. 103/2021.

3.16. Aukatekjur ríkissjóðs.

Auk 7,7% hækkunar gjalda sem kveðið er á um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sbr. kafla 3.1, eru lagðar til nokkrar aðrar nauðsynlegar breytingar á lögnum.

Lagðar eru til breytingar á gjaldtöku vegna beiðna um aðfarargerðir, nauðungarsölu og þinglýsinga aðfarargerða í átt til einföldunar. Í stað þess að gjaldið nemi 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms, kyrrsetningar, löggeymslu eða nauðungarsölu er krafist fyrir, þó með ákveðnu lágmarki og hámarki, verði gjaldið í öllum tilfellum hið sama. Breytingin er í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að reglur skattkerfisins séu skýrar og réttlátar og að framkvæmd þeirra sé skilvirk og gagnsæ. Núverandi verklag við gjaldtöku hefur í för með sér óþarfa flækjustig við útreikning gjalds og ekki þykir málefnalegt að fjárhæð gjaldsins ráðist af þeirri fjárhæð sem krafist er fjárnáms, kyrrsetningar eða löggeymslu fyrir. Fjárhæðin er ákveðin með hliðsjón af meðaltali þeirra fjárhæða sem greiddar hafa verið undanfarin ár vegna beiðna um fjárnám, kyrrsetningu og löggeymslu og þinglýsingu þeirra.

Þá er lagt til að gjald fyrir þinglýsingu fjárnáms, kyrrsetningar og löggeymslu verði undanþegið greiðslu þegar lögð er fram beiðni um þinglýsingu gerðar. Með niðurfellingu gjaldsins gefst tækifæri til að breyta verklagi því sem hefur verið viðhaft fram að þessu, þ.e. að innheimta annars vegar gjald fyrir beiðni um fjárnám, kyrrsetningu og löggeymslu og hins vegar við þinglýsingu gerðar þegar það á við. Í stað þess verði eitt og sama gjaldið innheimt fyrir meðferð beiðna, óháð tegund fullnustugerðar og þinglýsingu. Þannig mun gjaldtaka vegna slíkra gerða aðeins fara fram einu sinni hjá sýslumanni, þ.e. fremst í ferlinu. Niðurfelling gjaldtöku vegna þinglýsingar fullnustugerða, þ.e. fjárnáms, kyrrsetningar og löggeymslu, mun ekki leiða til neikvæðra áhrifa á ríkissjóð þar sem gjaldtakan er færð frammar í ferlið, þ.e. við móttöku beiðni. Þannig er kveðið á um gjald sem tekur mið af meðaltali kostnaðar hin síðustu ár vegna meðferðar sýslumanns á beiðni um fullnustu og eftir atvikum rafrænni þinglýsingu gerða. Með breytingunni er jafnframt mögulegt að nýta kosti rafrænna þinglýsinga hvað viðkemur aðfarargerðum enda þarf þá ekki að innheimta gjald áður en gengið er frá þinglýsingu.

Tilfni breytinganna má rekja til breytts verklags og þarfa sem fylgja rafrænum þinglýsingum gerðanna enda býður tæknin upp á að málin séu unnin í einu og sama ferlinu, frá framlagningu beiðni um fullnustu til þinglýsingar. Meðal meginmarkmiða rafrænna þinglýsinga er

að stuðla að skilvirkri, sjálfvirkri og öruggri úrlausn beiðna um þinglýsingu og þeim markmiðum verður ekki náð nema með því að samþætta ferlin og innheimta tilskilin gjöld í einu lagi við upphaf meðferðar hjá sýslumanni. Hér er hins vegar ekki um að ræða algjöra niðurfellingu gjaldsins þar sem gert er ráð fyrir því að þinglýsingargjald felist í reynd í gjaldtöku við afhendingu beiðna til sýslumanns um fjárnám, kyrrsetningu og löggeymslu. Með þessum breytingum ná markmið rafrænna þinglýsinga fram að ganga. Málsméðferðartími styttest, færri handtök fylgja verklaginu fyrir sýslumenn og þinglýsingarbeiðendur auk þess sem hagkvæmnissjónarmið styðja tillöguna.

Þá eru lagðar til nokkrar breytingar vegna nauðsynlegra leiðréttinga á vísunum í lagaákvæði og viðbætur við lög in til samræmis við lagabreytingar á undanförunum árum þar sem ný leyfisskyld starfsemi hefur orðið til. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um gjald fyrir þjónustu í sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

3.17. Fiskeldi.

Lögð er til breyting á lögum um fiskeldi þess efnis að árgjald í Umhverfissjóð sjókvíaldis miðist við leyfilegan hámarkslífmassa í stað leyfilegs framleiðslumagns.

Þá eru lagðar til tvær breytingar á verðmættagjaldi vegna sjókvíaldis. Annars vegar er gjaldhlutfallið hækkað úr 3,5% í 5% og hins vegar er viðmiðunartímabili gjaldsins breytt. Verðmætahlutfall tekur mið af meðalverði á heimsmarkaði. Fyrir lagabreytinguna var lítið til meðalverðs frá ágúst til október næst fyrir ákvörðunardag en eftir breytinguna verður viðmiðunartímabilið nýjasta 12 mánaða meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs næst fyrir ákvörðunardag. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu aukist um 0,5 milljarða kr. árið 2023 vegna breytinganna.

3.18. Framlenging á heimild til að greiða fé úr ofanflóðasjóði vegna hættumats á eldgosum, vatnsflóðum og sjávarflóðum.

Með lögum nr. 22/2012, um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, var ofanflóðasjóði fyrst heimilt að styrkja hættumat eldgosa. Hinn 1. janúar 2015 tóku gildi lög nr. 127/2014 sem lögfestu ákvæði til bráðabirgða II um að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2017. Með gildistöku laga nr. 92/2017 var sú heimild framlengd til ársins 2022 þar sem um mjög viðamikil verkefnið var að ræða og talið mikilvægt að því yrði fram haldið. Á komandi árum og næstu áratugum má gera ráð fyrir að verkefni tengd hættumati muni halda áfram að skipa stórt hlutverk í starfsemi Veðurstofu Íslands.

Meðal verkefna sem nauðsynlegt er að ráðast í á næsta áratug eru eldgosahættumat nálægt þéttbýli, að greina áhrif og áhrifasvæði skotbombna frá eldgosum, meta áhrif loftslagsbreytinga á eldgosavá, endurskoðun á hættumati fyrir jökulhlaup frá vestanverðum Mýrdalsjökli, viðbót við hættumat fyrir Hvítá og Ölfusá, ítarleg flóðagreining ómældra vatnasviða, mat á áhrifum loftslagsbreytinga á stærð og endurkomutíma flóða, hættumat vegna hlaupa úr jaðarlónum sem tengjast hopun jökla, reikningar á sjávarflóðum og sjávarföllum, útreikningar á flóðhæðum með ítarlegri skoðun fyrir nokkur svæði, endurskoðun mats á líklegri sjávarstöðuhækkun og að betrumbæta flóðbylgjureikninga. Fyrirséð er að vinnu við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða lýkur þó ekki með framangreindum verkefnum þar sem einnig þarf að endurskoða hættumöt og áhættumöt miðað við möguleg áhrif loftslagsbreytinga og tækniframfara. Jafnframt þarf að vinna að áhættumati vegna sjávarflóða fyrir um tólf svæði í kringum landið auk reglulegrar endurskoðunar á hættu- og áhættumati sem liggur fyrir miðað

við þær breytingar sem eiga sér stað á sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga og einnig vegna tækniframfara.

Í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu er í undirbúningi að hefja vinnu við gerð regluverks um hættumat og hættumatsviðmið vegna vatnsflóða og sjávarflóða. Þar sem tímabundin heimild til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða rennur út 31. desember 2022 er mikilvægt að framlengja þá heimild. Því er lagt til að framlengd verði heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögunum til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða til 31. desember árið 2023.

Gert er ráð fyrir að hlutur ofanflóðasjóðs í kostnaði við vinnu við næsta áfanga hættumats vegna eldgosa verði allt að 65 millj. kr. á ári miðað við verðlag við framlagningu frumvarpsins. Hlutur ofanflóðasjóðs í kostnaði við vinnu við gerð hættumats vegna vatnsflóða verður allt að 50 millj. kr. á ári miðað við verðlag við framlagningu frumvarpsins og við gerð hættumats vegna sjávarflóða allt að 25 millj. kr. á ári miðað við verðlag við framlagningu frumvarpsins. Framangreindar upphæðir eru þó allar með fyrirvara um árlegar fjárheimildir ofanflóðasjóðs. Ef vinna við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða frestast er hætta á að í náninni framtíð verði byggt á svæðum þar sem áhætta er talin of mikil fyrir slíka landnotkun, með ófyrirséðum afleiðingum.

3.19. Lækkun á umsýsluþóknun á umbúðir úr stáli, áli og plasti.

Lagt er til að til viðbótar skilagjaldi skuli með sama hætti taka umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu úr stáli, áli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 6,10 kr. fyrir umbúðir úr stáli, 0,40 kr. fyrir umbúðir úr áli, 12,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 9,40 kr. fyrir umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 4,10 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni, 1,60 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni og 0,60 kr. fyrir umbúðir úr endurnu ólituðu plastefni.

Tilfni og nauðsyn þessara breytinga er ósk Endurvinnslunnar hf. um breytingar á gjöldum. Almennt er gert ráð fyrir að skilagjaldið fylgi verðlagi, sem er skynsamleg leið til að viðhalda hvata til að skila umbúðum í réttan farveg. Miðað við þróun verðlags frá því í maí 2021 ætti skilagjaldið að hækka um u.þ.b. 2 kr. Ljóst þykir að slík hækkun muni leiða til raunhækkunar á gjöldum á hverja selda drykkjareiningu og þá til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Að teknu tilliti til núverandi verðlagsþróunar er ekki talin ástæða að svo stöddu til að hækka þessi opinberu gjöld.

Árangurinn sem kerfið nær við söfnun notaðra drykkjarumbúða er með ágætum. Söfnunarhlutföll fyrir árið 2021 eru 90% í áli, rétt tæp 90% í plasti og 83% í gleri. Þau markmið sem Endurvinnslan hf. hefur sett sér fyrir söfnun náðust því að mestu leyti á síðasta ári. Söfnunarhlutfallið kallar ekki á að skilagjaldið verði hækkað að svo stöddu. Þó er mikilvægt að skilagjaldið sé endurskoðað reglulega, svo sem árlega.

Til grundvallar síðustu hækkun umsýsluþóknunar sem var árið 2021 lágu margar forsendur. Afkomuspá Endurvinnslunnar hf. á þeim tíma gerði ráð fyrir rekstrartapi að óbreyttu. Árið 2021–2022 var útflutningsverð á áli og plasti hátt sem leiddi til þess að hagnaður var umfram áætlun árið 2021. Árið 2022 hækkaði plastverð enn meira og stefnir í að afkoma ársins verði enn umfram áætlun. Til að viðhalda skilum og góðri þjónustu stendur til að setja upp nýja stöð miðsvæðis. Hagnaður ársins 2021 og 2022 verður notaður til að greiða fyrir þá uppbyggingu árið 2023. Þar sem árin 2021 og 2022 koma betur út en áætlað var er það mat Endurvinnslunnar hf. að minnka megi hagnaðinn með lækkun umsýsluþóknunar. Árið 2023 er því

gert ráð fyrir að hagnaður minnki með lækkun umsýsluþóknunar og auknum kostnaði vegna uppbyggingar, verðlagsþróunar og útflutnings glers.

Að öllu þessu virtu hefur Endurvinnslan hf. bent ráðuneytinu á að svigrúm sé til lækkunar þar sem rekstrarafkoma félagsins hafi verið góð 2021 og stefni í enn betri afkomu á yfirstandandi ári. Útflutningsverð á áli og plasti sé hagstætt og kostnaður við meðhöndlun glers til endurvinnslu hafi reynst lægri en áætlað var. Þar sem lagt er til að halda skilagjaldinu óbreyttu lagði Endurvinnslan hf. til að umsýsluþóknun á gleri verði óbreytt en lækki á plasti og áli.

Vegna hagstæðs útflutningsverðs á áli telur Endurvinnslan hf. rétt að lækka umsýsluþóknun á áli úr 80 aurum niður í 40 aura með virðisaukaskatti. Að mati stjórnenda á kostnaði við söfnun og endurvinnslu glers verður enn lítilsháttar hagnaður af söfnun áls eftir þessa breytingu ef álverð helst tiltölulega hátt. Hagnaður mun því verða af söfnun áls eins og verið hefur undanfarin tvö ár. Þá er það mat Endurvinnslunnar hf. að lækka megi umsýsluþóknun á plasti enda hefur útflutningsverð aldrei verið hærra og allt að tífalt á við þegar það var lægst. Til að halda hvata til að nota endurunnið plast (rPET) í nýjar plastflöskur telur Endurvinnslan hf. að umsýsluþóknun á endurunnu plasti eigi að fara úr 1,40 kr. niður í 60 aura og í ólituðu plasti úr 2,40 kr. niður í 1,60 kr. með virðisaukaskatti. Litað plast nýtist ekki til að búa til nýjar PET flöskur og er lakast í gæðum til endurvinnslu og því er það ósk Endurvinnslunnar hf. að umsýsluþóknun fyrir litað plast verði 4,10 kr. með virðisaukaskatti.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Þess var gætt við samningu frumvarpsins að efni þess og framsetning samrýmdist ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

5. Samráð.

Við vinnslu þessa frumvarps var stuðst við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023. Við gerð þess var haft samráð við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, matvælaráðuneytið, Seðlabanka Íslands og Skattinn.

Í frumvarpinu er að finna breytingar á lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023. Vegna eðlis málsins og tengsla við frumvarp til fjárlaga voru frumvarpsáform, frummat á áhrifum og frumvarpsdrög ekki sett í samráðsferli samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna, sbr. 9. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, þar sem kveðið er á um að heimilt sé að víkja frá þessu ef mál eru sérlega brýn eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi. Sjá ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 1. gr., 2. málsl. 3. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. samþykktarinnar.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Mat á fjárhagsáhrifum.

Tillögur frumvarpsins eru af margvíslegum toga og sama má segja um áhrif þeirra á ráðstöfunartekjur, verðlag og kaupmátt.

Í frumvarpinu er lögð til 7,7% hækkun gjalda í samræmi við áætlaða verðbólgu í árslok. Áætlað er að verðlagsuppfærslan skili ríkissjóði samtals 6,4 milljörðum kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Af því nemur hækkun útvarpsgjalds og gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra samtals um 0,6 milljörðum kr. en þau gjöld hafa ekki áhrif á vísitölu neysluverðs. Hækkanir á gjöldum sem falla undir lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, nema samtals um 0,5 milljörðum kr. Þá mun verðlagsuppfærsla krónutölugjalda (áfengis-, tóbaks-, kolefnis-, eldsneytis- og bifreiða- og kílómetragjalda) auka tekjur ríkissjóðs um 5,3 milljarða kr.

Þessar hækkunir munu óhjákvæmilega hafa áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs og eru þau áhrif áætluð 0,2%. Í því samhengi ber að líta til þess að ráðstafanir sem auka tekjur ríkissjóðs draga úr þenslu í hagkerfinu og þar með úr almennum verðbólguþrýstingi. Þannig styður ríkisfjármálastefnan við verðstöðugleika og dregur úr þörf fyrir hækkun stýrivaxta. Auk þess draga þessar ráðstafanir úr halla ríkissjóðs og gera hann þannig betur í stakk búinn að draga úr niðursveiflum framtíðar. Þessi almennu áhrif vega þyngra gagnvart efnahagslegum stöðugleika en bein áhrif verðlagsuppfærslu krónutölugjalda á vísitölu neysluverðs.

Áætlað er að breytingar á álagningu vörugjalda fólksbifreiða og annarra vélknúinna ökutækja, sem felast m.a. í álagningu á sérstöku 5% vörugjaldi á allar nýjar fólksbifreiðar samhliða lækkingun losunarmarkna á ökutæki og lækkingun á skattþrósentu, skili ríkissjóði 2,7 milljörðum kr. í viðbótartekjur. Áhrif á verðbólgu er metin 0,2% til hækkunar.

Áætlað er að tvöföldun á lágmarki bifreiðagjalds samhliða hækkun losunarmarkna, þannig að bifreiðagjald sem lagt er á fólksbíla með losun umfram 200 g/km haldist óbreytt að raunvirði, skili ríkissjóði 2,2 milljörðum kr. í viðbótartekjur.

Gert er ráð fyrir því að draga úr afslætti í tollfrjálsum verslunum þannig að áfengisgjald fari úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50% af því sem almennt gildir. Samanlagt leiðir þessi tekjuöflun til 0,7 milljarða kr. hækkunar á áætlun áfengis- og tóbaksgjalds.

Eftirlitsgjald til að standa straum af kostnaði við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavaldi tekur minni háttar breytingum, að mestu leyti til hækkunar. Áætlað eftirlitsgjald ársins 2023 er samtals 2.674 millj. kr. og áætlað er að aðrar tekjur verði 20,9 millj. kr. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður Fjármálaeftirlitsins verði 2.804 millj. kr. Þannig er gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði um 109,1 millj. kr. umfram tekjur og verði mætt með lækkingun á uppsöfnuðum rekstrarafgangi Fjármálaeftirlitsins. Áætlað gjald vegna fjármögnunar skilavalds er samtals 94,5 millj. kr. sem endurspeglar áætlaðan kostnað vegna skilavaldsins. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 er miðað við að tekjur Fjármálaeftirlitsins og skilavaldsins af eftirlitsgjaldi verði 2.459.812 þús. kr. og kostnaður 2.631.787 þús. kr. Þær fjárhæðir byggjast á rekstraráætlun fyrir árið 2023 sem Seðlabanki Íslands sendi ráðuneytinu í janúar 2022. Seðlabankinn endurskoðaði áætlunina með tilliti til verðlags- og launapróunar í tengslum við gerð frumvarps þessa. Ráðgert er að misræmið milli frumvarps þessa og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2023 verði leiðrétt með breytingu á síðarnefnda frumvarpinu við 2. umræðu á Alþingi.

Tillaga í frumvarpinu um óbreyttar viðmiðanir vaxtabótakerfisins leiðir til þess að útgjöld vegna vaxtabóta nema 1,9 milljörðum kr. á árinu 2023.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af verðmætugjaldi vegna sjókvíaeldis aukist um 0,5 milljarða kr. árið 2023 vegna breytinga sem lagðar eru til á gjaldinu. Af þeirri fjárhæð renna 160 millj. kr. í Fiskeldissjóð. Því mun nettó tekjuauki ríkissjóðs nema um 340 millj. kr. fyrir árið 2023. Þar sem um varanlega breytingu á lagaákvæðinu er að ræða má gera ráð fyrir að tekjur muni vaxa árlega í takt við væntanlega framleiðsluaukningu og ákvæði til bráðabirgða í lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, nr. 89/2019, en gildistími þess er til 2026. Reikna má með að tekjuauki ríkissjóðs verði 650 millj. kr. árið 2024 og 760 millj. kr. árið 2025.

Gert er ráð fyrir að hlutur ofanflóðasjóðs í kostnaði við vinnu við næsta áfanga hættumats vegna eldgosa verði allt að 65 millj. kr. á ári miðað við verðlag við framlagningu frumvarpsins. Hlutur ofanflóðasjóðs í kostnaði við vinnu við gerð hættumats vegna vatnsflóða verður allt að 50 millj. kr. á ári miðað við verðlag við framlagningu frumvarpsins og við gerð hættumats vegna sjávarflóða allt að 25 millj. kr. á ári miðað við verðlag við framlagningu frumvarpsins.

Aðrar breytingar hafa ýmist áhrif á tekju- og/eða gjaldahlið en samanlögð áhrif af þeim breytingum á afkomu ríkissjóðs eru talin óveruleg.

<i>Tekjuráðstafanir 2023</i>	<i>Tekjuáhrif á ríkissjóð (millj. kr.)</i>	<i>Áhrif á VNV (%)</i>
Gjaldahækkun - áætluð verðbólga í árslok (7,7%)	6.400	–
— þar af krónutölugjöld	5.300	0,2
— þar af nefskattar	600	–
— þar af aukatekjur	500	–
Breytingar á vörugjaldi á ökutæki	2.700	0,2
Tvöföldun á lágmarki bifreiðagjalds	2.200	–
Breytingar á verðmættagjaldi sjókvíaeldis	500	–
Minni afsláttur áfengis/tóbaks í tollfrjálsri verslun	700	–
Samtals	12.500	0,4

6.2. Mat á jafnréttisáhrifum.

Ekki hefur farið fram ítarleg greining á jafnréttisáhrifum frumvarpsins. Þó má leiða að því líkur að einhverjar tillögur þess geti haft ólík áhrif á karla og konur enda eru konur að meðaltali með lægri tekjur en karlar. Samkvæmt álagningarskrá ársins 2021 voru 56% kvenna í neðri helmingi tekjudreifingarinnar og konur eru aðeins 29% einstaklinga í efstu tekjutíundinni. Hækkun krónutöluskatta og annarra skatta og gjalda kemur því að meðaltali hlutfallslega verr niður á konum en körlum.

Hvað hækkunir á olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi, kílómetragjaldi og bifreiðagjaldi varðar verður að hafa í huga að mun fleiri karlar en konur eru skráðir eigendur fólksbíla og lítill munur er þar á eftir hjúskaparstöðu. Konur eiga almennt minni og sparneytnari fólksbíla og eignarhald þeirra er mjög lágt þegar kemur að öðrum tegundum ökutækja en mikill kynjamunur er í samgöngum sem atvinnugrein. Þá eru karlar líklegri til að ferðast lengri vegalengdir til og frá vinnu og gefa erlendar rannsóknir einnig vísbendingar um sambærileg samgöngumynstur þar sem athafnasvæði karla er stærra en kvenna. Þessar niðurstöður má meðal annars finna í stöðugreiningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um samgöngur og jafnrétti frá ágúst 2021 og áfangaskýrslu um kynbundinn mun í notkun samgöngukerfisins frá apríl 2018. Í skýrslunni kemur einnig fram að konur vinni nær heimili en karlar og virðast þannig almennt ferðast styttri vegalengdir. Það má því ætla að karlar aki meira en konur og taki samkvæmt framansögðu í meira mæli á sig áður nefndar krónutöluhækkunir.

Hækkun krónutöluskatta felur jafnframt í sér hækkun á gjöldum af áfengi og tóbaki. Samkvæmt upplýsingum á vef landlæknis neyta karlar meira áfengis en konur, bæði hvað varðar neyslu á a.m.k. einu glasi af áfengum drykk einu sinni í viku eða oftast síðustu 30 daga og ölvunardrykkju (fimm eða fleiri áfengir drykkir á einum degi síðustu 30 daga) en sá munur virðist þó fara minnkandi. Kynjamunur meðal þeirra sem reykja daglega virðist hins vegar ekki vera mikill.

Gera má ráð fyrir því að framlenging á tímabundnum útreikningsreglum og viðmiðunarfrárhæðum vaxtabóta hafi einhver jafnréttisáhrif í för með sér. Samkvæmt álagningarskrá ársins 2021 er lítilllega algengara að karlar séu á leigumarkaði en konur. Hvað eignarhald á fasteignum varðar eru konur líklegri til að eiga fasteign en karlar. Með tilliti til tekjutengingar vaxtabóta er líklegra að framlenging ákvæðisins gagnist þeim konum betur en körlum sem tekið hafa lán vegna kaupna á fasteign.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald er lagt á einstaklinga sem eru 16 ára til og með 69 ára og eru með tekjustofn yfir reiknuðum skattleysismörkum. Þar sem konur eru að meðaltali með lægri tekjur en karlar má búast við að hlutfallslega greiði þær konur sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum að jafnaði hærri prósentu af launum sínum en karlar. Á móti kemur að ívið fleiri konur (17%) en karlar (15%) voru með tekjur undir skattleysismörkum árið 2021 og verða því að óbreyttu ekki fyrir áhrifum af hækkun gjaldsins miðað við tekjur ársins 2021.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar um 7,7% til samræmis við almennar verðlagsbreytingar.

Um 2.–4. gr.

Í a–c-lið 2. og 3. gr. og 4. gr. er lagt til að áfengis- og tóbaksgjöld verði hækkuð. Um er að ræða 7,7% hækkun gjalda til samræmis við almennar verðlagsbreytingar.

Í d-lið 2. og 3. gr. er lagt til að draga úr afslætti í tollfrjálsum verslunum þannig að áfengisgjald fari úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50% af því sem almennt gildir. Samanlagt leiðir breytingin til 0,7 milljarða kr. hækkunar á áætlun áfengis- og tóbaksgjalds.

Um 5. gr.

Í a- og b-lið 5. gr. er lögð til lækkun á skattprósentu um 0,03 prósentustig. Eftir breytinguna fer skattprósentan úr 0,37% í 0,34% ef losun er eingöngu skráð samkvæmt evrópsku aksturslotunni (NEDC) og úr 0,31% í 0,28% ef losun er bæði skráð samkvæmt evrópsku aksturslotunni og samræmdu prófunaraðgerðinni (WLTP) eða eingöngu samkvæmt samræmdu prófunaraðferðinni. Jafnframt er lagt til að losunarmörk fólksbifreiða og annarra vélknúinna ökutækja vegna skráðrar koltvísýringslosunar (CO₂) sem fjallað er um í 1. mgr. 3. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. skuli lækka um 5 grömm. Eftir breytinguna mun viðmið losunarmarkna gjaldskyldu vera 69 grömm í stað 74 gramma ef losunin er eingöngu skráð samkvæmt evrópsku aksturslotunni og 85 grömm í stað 90 gramma ef losunin er bæði skráð samkvæmt evrópsku aksturslotunni og samræmdu prófunaraðgerðinni eða eingöngu samkvæmt samræmdu prófunaraðferðinni.

Þá er gert ráð fyrir í c-lið 5. gr. að auk vörugjalds sem lagt er á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. og 5. gr. laganna út frá skráðri koltvísýringslosun viðkomandi ökutækis samkvæmt meginreglu 3. gr. laganna, skuli jafnframt lagt á slík ökutæki til viðbótar sérstakt 5% vörugjald. Samanlagt vörugjald skal þó ekki nema hærri gjaldhlutfalli en 65% á hvert ökutæki. Um er að ræða fast 5% vörugjald sem er óháð koltvísýringslosun. Hinu sérstaka vörugjaldi skv. c-lið 5. gr. er ætlað að mæta tekjutapi ríkissjóðs, m.a. vegna þeirra breytinga sem eru uppi vegna orkuskipta í samgöngum og þess kostnaðar ríkissjóðs sem hlýst af vegakerfinu.

Um 6. gr.

Í a-lið 6. gr. er lagt til að greiða skuli sérstakt 5% vörugjald af fólksbifreiðum sem framleiddar eru og skráðar með metan eða metanól sem aðalorkugjafa. Sú ívilnandi regla er í gildi skv. 2. mgr. 3. gr. laganna að vörugjald á ökutæki, þ.m.t. fólksbifreiðar, sem framleidd eru og skráð með metan eða metanól sem aðalorkugjafa skuli að hámarki vera 1.250.000 kr. lægra en útreikningur skv. 1. mgr. 3. gr. laganna segir til um. Af ívilnuninni getur því leitt að ekkert

vörugjald sé lagt á fólksbifreiðar sem framleiddar og skráðar eru með metan eða metanól sem aðalorkugjafa. Vegna þessa er lagt til í a-lið 6. gr. að ef slík ökutæki bera ekki hið nýja sérstaka 5% vörugjald skv. c-lið 5. gr. skuli leggja á og greiða sérstakt 5% vörugjald vegna slíkra ökutækja skv. a-lið 6. gr. frumvarpsins. Ef það liggur aftur á móti fyrir að slíkar bifreiðar hafi borið hið sérstaka 5% vörugjald skv. c-lið 5. gr. skal ekki að auki innheimta sérstakt vörugjald skv. a-lið 6. gr.

Í b-lið 6. gr. er lagt til að greiða skuli sérstakt 5% vörugjald af fólksbifreiðum sem knúnar eru vetni eða rafshreyfli að öllu leyti. Hámark álagningar vörugjalds vegna slíkra hreinorkubifreiða, þ.m.t. rafmagnsbifreiða verður því 5%.

Hinu sérstaka vörugjaldi skv. a- og b-lið 6. gr. er ætlað að mæta tekjutapi ríkissjóðs, m.a. vegna þeirra breytinga sem eru uppi vegna orkuskipta í samgöngum og þess kostnaðar ríkissjóðs sem hlýst af vegakerfinu.

Um 7. og 8. gr.

Lagt er til að almennt vörugjald af bensíni hækki um 2,35 kr. á hvern lítra, úr 30,20 kr. í 32,55 kr., og að sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni hækki um 3,75 kr. á hvern lítra, úr 48,70 kr. í 52,45 kr. Einnig er lagt til að sérstakt vörugjald á hvern lítra af öðru bensíni hækki um 3,95 kr., úr 51,60 kr. í 55,55 kr. Hækkunin nemur 7,7% vegna almennra verðlagsbreytinga í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til hækkun á fjárhæð oliugjalds sem greiða skal í ríkissjóð sem vörugjald af gas-, dísil- og steinolíu skv. 1. gr. laga um oliugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004. Lagt er til að gjaldið verði hækkað um 7,7% vegna almennra verðlagsbreytinga í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Um 10. gr.

Hér er gerð tillaga um hækkun á fjárhæðum kílómetragjalds og sérstaks kílómetragjalds um 7,7% vegna almennra verðlagsbreytinga í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

Um 11. gr.

Í d-lið er lagt til að bifreiðagjald hækki um 7,7% vegna almennra verðlagsbreytinga í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023. Jafnframt er í a–c-lið ákvæðisins lögð til tvöföldun á lágmarki bifreiðagjalds sem lagt er á fólksbíla. Gjaldið fer við það úr 7.540 kr. í 15.080 kr. en það er greitt tvisvar á ári. Á móti verða losunarmörk hækkuð þannig að bifreiðagjald sem lagt er á fólksbíla með losun umfram 200 g/km helst óbreytt að raunvirði.

Um 12. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, þar sem kveðið er á um gjaldskylda aðila, álagningarstofn og hlutföll álagðs eftirlitsgjalds. Þær breytingar sem lagðar eru til endurspeglar m.a. almennar verðlagshækkanir sem orðið hafa á árinu og spár fyrir árið 2023 en hækkunum hefur verið skipt að mestu hlutfallslega jafnt niður á flokka eftirlitsskyldra aðila. Breytingarnar taka mið af þeim tíma sem áætlaður er að fari í eftirlit hjá hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Um 13. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 7. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, þannig að fastagjald fyrir afgreiðslu umsókna um skráningu eftirlitsskyldra aðila, þ.m.t. rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verði 300.000 kr.

Með 13. gr. laga nr. 131/2021 var orðunum „og skráningu“ bætt við á eftir orðinu „starfsleyfi“ í inngangsmálslið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999. Þá var orðunum „rekstraraðila sérhæfðra sjóða“ bætt við 2. tölul. málsgreinarinnar. Var ætlunin að innheimta fastagjöld fyrir bæði afgreiðslu umsókna um veitingu starfsleyfis og afgreiðslu umsókna um skráningu rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eftir lagabreytinguna varð fastagjald fyrir hvort framangreindra verkefna það sama, þ.e. 1.000.000 kr., sbr. 2. tölul. málsgreinarinnar. Aftur á móti er vinna Fjármálaeftirlitsins við verkefnið mismikil og raunar mun minni fyrir meðferð umsókna um skráningu. Við lagabreytinguna mun fastagjald fyrir afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins á umsóknum um skráningu eftirlitsskyldra aðila, þ.m.t. rekstraraðila sérhæfðra sjóða, ekki fara eftir 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna, heldur ráðast af nýrri 3. mgr., þar sem fastagjaldið er tilgreint 300.000 kr. Eftir sem áður mun fastagjald fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi rekstraraðila sérhæfðra sjóða fara eftir 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna, þar sem gjaldið er ákveðið 1.000.000 kr. Í c-lið er lögð til breyting á tilvísunum í lokamálsgrein greinarinnar sem leiðir af tillögu um nýja 3. mgr. skv. b-lið.

Um 14. gr.

Lögð er til breyting á hlutfalli af álagningarstofni skv. 4. gr. laga um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, nr. 166/2011, sem miðað er við þegar gjald sem ætlað er að standa undir kostnaði vegna reksturs umboðsmanns skuldara er lagt á gjaldskylda aðila, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Um 15. gr.

Hér er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, verði hækkað um 7,7% og nemi 13.284 kr. á hvern gjaldanda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023 vegna tekna ársins 2022.

Um 16. og 17. gr.

Lögð er til framlenging á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða VII í lögum um málefni aldraðra þar sem kveðið er á um að Framkvæmdasjóður aldraðra hafi tímabundna heimild til að kosta rekstur hjúkrunarrýma aldraðra. Ástæða þessara ráðstafana er fjárhagsvandi ríkis-sjóðs og sparnaðarkrafa fjárlagaheimilda.

Þá er gert ráð fyrir nýju ákvæði til bráðabirgða við lög um málefni aldraðra. Í ákvæðinu er kveðið á um að á tímabilinu frá 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023 sé unnt að óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að stofnunin geri samanburð á útreikningi á kostnaðarþátttöku heimilismanna fyrir og eftir gildistöku laga nr. 166/2006 og laga nr. 120/2009. Með lögum nr. 166/2006 var dregið úr tengingum við tekjur maka heimilismanna og þær síðar afnumdar með lögum nr. 120/2009. Sýni samanburðurinn aukna kostnaðarþátttöku heimilismanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta dvalarframlag vegna ársins 2023 til samræmis við það sem lægra reynist. Hér er um sams konar bráðabirgðaákvæði að ræða og er í gildi vegna ársins 2022. Gildandi ákvæði um heimild til samanburðar á útreikningi á kostnaðarþátttöku heimilismanna samkvæmt eldri og yngri lögum fellur úr gildi 31. desember 2022.

Um 18. gr.

Í a-lið er lögð til framlenging á ákvæði í 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, út árið 2023 en að öðrum kosti hefði það runnið sitt skeið í lok þessa árs. Kveðið er á um að þrátt fyrir ákvæði laganna skuli örorkulífeyrisþegi hafa árlegt 1.315.200 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.

Samkvæmt b- og c-lið skal við útreikning tekjutryggingar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, sem fá greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum á tímabilinu 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023, gera samanburð á útreikningi tekjutryggingar, annars vegar samkvæmt reglum sem gilda á árinu 2023 og hins vegar reglum sem giltu árið 2013 auk 68,74% hækkunar og að teknu tilliti til þess tekjumarks sem myndast hefur við framkvæmd 16. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum. Þeirri reglu sem leiðir til hærri greiðslna fyrir lífeyrisþega skal beitt.

Um 19. gr.

Vísað er til skýringa við 18. gr. en í þessari grein er kveðið á um útreikning heimilisuppbótar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Skal sömu reglu beitt og getið er um í 18. gr.

Um 20. og 21. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, verði framlengt um eitt ár og gildi út árið 2023. Það mun hafa þau áhrif að óheimilt verður á árinu 2023 að láta almennar hækkanir sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði.

Þá er einnig lagt til að ákvæði til bráðabirgða XV í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, verði framlengt um eitt ár og gildi út árið 2023. Það mun leiða til þess að framlag lífeyrissjóða samkvæmt lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012, á árinu 2023 verður ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að föst krónutala sóknargjalda lækki úr 1.107 kr. á mánuði í 1.055 kr. fyrir árið 2023. Ákvörðuð lækkun nemur því um 4,7%.

Um 23. gr.

Lagt er til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar skv. 4. mgr. 14. gr. a laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður. Gert er ráð fyrir að breytingin muni hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Um nánari skýringar vísast til kafla 3.11.

Um 24. gr.

Lagt er til að sérstakt gjald sem ríkisskattstjóri leggur á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013, og rennur til Ríkisútvarpsins verði breytt sem nemur almennum verðlagsbreytingum og fari úr 18.800 kr. í 20.200 kr.

Um 25. gr.

Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða IV í lögum um tryggingagjald sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2023. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi fyrir árin 2013–2022. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að á árinu 2023 leggi ríkissjóður framlag að fjárhæð 971,5 millj. kr. til starfsendurhæfingarsjóða.

Um 26. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða III í lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012, verði framlengt um eitt ár. Atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir munu því greiða áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds skv. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, á árinu 2023 eins og á árunum 2016–2022, eða 0,10%.

Um 27. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að tímabundin hækkun á vaxtabótum, sem að óbreyttu hefði fallið niður um næstu áramót, verði framlengt um eitt ár. Því er ártalinu 2023 bætt við ákvæði til bráðabirgða XLI í lögum, en það hefur að geyma ákvæði um vaxtabætur á árunum 2011–2022. Gert er ráð fyrir að ákvæðið komi til framkvæmda við ákvörðun á fyrirframgreiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að úrvinnslugjald á umbúðir hækki vegna hærri tilkostnaðar við sérstaka söfnun, sbr. 12. gr. laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021.

Í a-lið ákvæðisins er lögð til álagning úrvinnslugjalda á fleiri tegundir umbúða, sbr. 31. gr. laga nr. 103/2021 sem taka gildi 1. janúar 2023. Nánar tiltekið er lagt til að úrvinnslugjald á gler- og málmumbúðir verði 25 kr./kg, og 10 kr./kg á viðarumbúðir. Tillaga um álagningu er í samræmi við ákvæði um sérstaka söfnun.

Í b-lið ákvæðisins er lagt til að hækka úrvinnslugjald á pappa og pappírsumbúðir úr 22 kr./kg í 42 kr./kg.

Í c-lið ákvæðisins er lagt til að hækka úrvinnslugjald á plastumbúðir úr 30 kr./kg í 82 kr./kg.

Um 29. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast hækki úr 30 kr./kg í 82 kr./kg vegna hærri tilkostnaðar við sérstaka söfnun, sbr. 12. gr. laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til tvær breytingar á upphæð úrvinnslugjalds.

Í a-lið ákvæðisins er lagt til að hækka úrvinnslugjald á olíuvörum, sbr. viðauka IV úr 60 kr./kg í 70 kr./kg.

Í b-lið ákvæðisins er gerð tillaga um að úrvinnslugjald af svartolíu (tollnúmer 2710.1940) hækki úr 1,1 kr./kg í 1,3 kr./kg. Tillaga um hækkun er gerð vegna aukins kostnaðar við söfnun og úrvinnslu úrgangsolíu og til að laga sjóðstöðu vöruflokksins (uppgjörflokksins).

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að úrvinnslugjald á iðnaðarraflöður og iðnaðarrafgeyma verði 20 kr./kg. Vegna gildistöku laga nr. 103/2021 þann 1. janúar 2023 er nauðsynlegt er að ráðast í breytingar á viðaukum um rafhlöður og rafgeyma. Í stað tveggja verða þeir þrír. Viðauki X (færanlegar rafhlöður og rafgeymar), viðauki XI (rafhlöður og rafgeymar fyrir vélknúin ökutæki til að ræsa vél eða til lýsingar eða sem kveikjubúnaður) og viðauki XI A sem nær yfir léttar drifraflöður, drifraflöður fyrir ökutæki og iðnaðarraflöður sem voru áður í viðauka XI.

Um 32. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að úrvinnslugjald á varnarefni (plöntuverndarvörur og sæfivörur) hækki úr 18 kr./kg í 25 kr./kg. Tillaga um hækkun er vegna aukins kostnaðar við söfnun og úrvinnslu varnarefna og til að laga sjóðsstöðu vörflokksins (uppgjörsflokksins).

Um 33. gr.

Lagðar eru til breytingar á ákvæði 33. gr. laga nr. 103/2021 sem breytir 6. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, en síðarnefnda breytingin tekur gildi 1. janúar 2023. Samkvæmt því skal leggja úrvinnslugjald á ökutæki við innflutning. Lagt er til að úrvinnslugjaldið sé frekar lagt á við nýskráningu og byggist það á tillögum Skattsins um einföldun fyrirkomulagsins. Úrvinnslugjaldi á ökutæki er ætlað að standa undir úrvinnslu ökutækja sem afskráð eru til endurvinnslu. Gjaldið tekur mið af áætluðum fjölda ökutækja sem eru nýskráð á hverju ári og áætluðum kostnaði við þau ökutæki sem eru afskráð til úrvinnslu og með hliðsjón af því er lagt til að úrvinnslugjaldið verði 15.000 kr. á hvert ökutæki.

Um 34.–53. gr.

Í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps 2023 er í ákvæðunum lögð til 7,7% hækkun á flestöllum gjöldum sem falla undir lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þó þannig að fjárhæð þeirra standi á heilu þúsundi eða, eftir atvikum, á annars vegar hálfu þúsundi og hins vegar á hálfu eða heilu hundraði. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hafa verið óbreytt frá árinu 2019.

Auk áðurnefndrar 7,7% hækkunar gjalda í samræmi við áætlaða verðbólgu í árslok eru nokkrar fleiri nauðsynlegar breytingar lagðar til á lögnum.

Í 44. gr. frumvarpsins eru lagðar til þrenns konar breytingar á 11. gr. laganna. Í fyrsta lagi er um að ræða ýmsar leiðréttingar á vísunum í lagaákvæði og rætt um skipulega markaði frekar en kauphallir og váttryggingamiðlara frekar en váttryggingarmiðlanir til að taka mið af breyttri hugtakanotkun í lögum. Í öðru lagi eru lagðar til fimm viðbætur við greinina til samræmis við lagabreytingar á undanförunum árum þar sem ný leyfisskyld starfsemi hefur orðið til. Í því samhengi er lagt til að kveðið verði á um gjald fyrir 1) starfsleyfi til greiðslustofnana, sbr. lög um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, 2) starfsleyfi til miðlægra mótaðila, sbr. lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrá, nr. 15/2018, 3) starfsleyfi til rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, 4) starfsleyfi til félaga með sérstakan tilgang, sbr. lög um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og 5) starfsleyfi fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu, sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Í þriðja lagi er lagt til að fallið verði frá gjaldtöku fyrir leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga skv. 11. tölul. greinarinnar. Tölulíðurinn á eingöngu við um verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaðar sem greiða þegar gjald fyrir afgreiðslu starfsleyfis skv. 6. og 10. tölul. greinarinnar.

Lagt er til að gjald fyrir leyfi til greiðslustofnana og miðlægra mótaðila verði 230.000 kr. líkt og á við um m.a. leyfi fyrir lánaþyrirtæki og rafeyrisþyrirtæki. Lagt er til að gjald fyrir leyfi til rekstraraðila sérhæfðra sjóða verði 115.000 kr. til samræmis við það sem gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Þá er lagt til að gjald fyrir leyfi til að reka félag með sérstakan tilgang verði 197.000 kr. líkt og á við um leyfi til váttryggingafélaga. Að lokum er lagt til að gjald fyrir leyfi fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu verði 107.000 kr. líkt og á við um rekstrarfélög verðbréfasjóða og innheimtuleyfi.

Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um 17.500 kr. gjald fyrir löggildingu skilanefnda í 13. gr. laganna vegna umfangs vinnu fyrirtækjaskrár við löggildinguna og til að gæta samræmis.

Þá er lagt til að heiti X. kafla laganna, sem fjallar um afgreiðslugjald skipa, verði með almennari vísun en nú er þar sem í 52. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um fjárhæð gjalds fyrir þjónustu í sjálfvirku tilkynningarkerfi skipa í kaflanum í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Um 54. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að lífeyrissjóðir, sem sendi reglugerðir sínar til fjármála- og efnahagsráðuneytisins til staðfestingar samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, skuli endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í Stjórnartíðindum. Um nokkurn tíma hefur almenna reglan verið sú að lífeyrissjóðir starfa annaðhvort á grundvelli samþykktu sem sjóðirnir setja sér sem staðfestar hafa verið af ráðherra, sbr. 28. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, eða á grundvelli sérлага. Ákvæðið er því úrelt og er lagt til að það verði fellt brott.

Um 55. gr.

Með lögum nr. 101/2019, sem breyttu lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, var kveðið á um þá breytingu að rekstrarleyfi skyldu gefin út samkvæmt heimiluðum lífmassa en ekki samkvæmt leyfilegu framleiðslumagni líkt og áður hafði verið. Með ákvæðinu er því lagt til að árgjald í Umhverfissjóð sjókvíaldis miðist við leyfilegan hámarkslífmassa í stað leyfilegs framleiðslumagns.

Um 56. gr.

Lögð er til breyting á viðmiðunartímabili sem stuðst er við þegar reiknaður er út reiknistofn gjalds skv. 2. mgr. 2. gr. laganna. Í stað þess að reiknistofn gjaldsins miðist við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi frá ágúst til október næst fyrir ákvörðunardag er lagt til að viðmiðunartímabil reiknistofnsins miðist við nýjasta 12 mánaða meðaltalsverð á atlantshafslaxi fyrir ákvörðunardag.

Þá er í greininni lagt til að hlutfall af reiknistofni gjaldtöku vegna slátraðs lax í sjókvíum, þegar verð er 4,8 evrur á kílógramm eða hærra, sbr. a-lið 2. mgr. 2 gr. laganna, verði hækkað um 1,5% og nemi því 5%.

Um 57. gr.

Ákvæðið felur í sér tímabundna framlengingu heimildar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögnum til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða til 31. desember árið 2023. Að óbreyttu fellur ákvæðið úr gildi 31. desember 2022.

Um 58. gr.

Að ósk Endurvinnslunnar hf. er lögð til lækkun á umsýsluþóknun á umbúðir úr stáli, áli og plasti. Miðað við þróun verðlags frá því í maí 2021 ætti skilagjaldið að hækka um u.þ.b. 2 kr. Ljóst þykir að slík hækkun muni leiða til raunhækkunar á gjöldum á hverja selda drykkjar-einingu og þá til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Að teknu tilliti til núverandi verðlagsþróunar er ekki talin ástæða að svo stöddu til að hækka þessi opinberu gjöld.

Með breytingunni fer fjárhæðin úr 6,60 kr. fyrir umbúðir úr stáli í 6,10 kr., úr 0,80 kr. fyrir umbúðir úr áli í 0,40 kr., úr 4,30 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni í 4,10 kr., úr 2,40 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni í 1,60 kr. og úr 1,40 kr. fyrir umbúðir úr endurunnu ólituðu plastefni í 0,60 kr. Fjárhæðir umsýsluþóknunar fyrir umbúðir úr gleri eru óbreyttar, eða 12,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærri en 500 ml og 9,40 kr. fyrir umbúðir úr gleri 500 ml og minni.

Um 59. gr.

Gert er ráð fyrir því að 56. gr. frumvarpsins öðlist þegar gildi þar sem Fiskistofa mun eigi síðar en 1. desember 2022 ákvarða fjárhæð verðmættagjalds vegna sjókvíaeldis sem greiða skal árið 2023. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði 33. gr. öðlist þegar gildi, þ.e. sem breyting á lögum nr. 103/2021, en efnisleg gildistaka ákvæðisins verður 1. janúar 2023 þegar breytingar sem verða á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, og mælt er fyrir um í lögum nr. 103/2021, öðlast gildi.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með lögum nr. 131/2021, sem tóku gildi 1. janúar 2022, var mælt fyrir um 1 millj. kr. gjald vegna afgreiðslu umsókna um skráningu eftirlitsskyldra aðila í 7. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999. Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldið lækki úr 1 millj. kr. í 300 þús. kr. þar sem kostnaður við afgreiðslu umsóknanna hefur reynst mun minni en áætlað var. Frá gildistöku laga nr. 131/2021 hafa nokkrir aðilar greitt gjaldið vegna afgreiðslu umsókna um skráningu rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Lagt er til að Seðlabankanum verði falið að endurgreiða þeim aðilum mismuninn á fyrri fjárhæð gjaldsins og þeirri fjárhæð sem lagt er til að gjaldið verði, það er 700 þús. kr. vegna hverrar afgreiðslu.